

REGLUGERÐ

um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til dvalarheimila, hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma á stofnunum fyrir aldraða samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða.

Heimilismaður nefnist í reglugerð þessari einstaklingur sem dvelur á dvalarheimili fyrir aldraða eða á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými á stofnun, óháð aldri, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga um málefni aldraða.

2. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða er átt við gjald sem samið hefur verið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

II. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar á dvalarheimilum.

3. gr.

Til tekna skv. II. kafla reglugerðar þessarar teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

- Tekjur umfram 98.640 kr. skv. C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt skulu teljast til tekna við útreikning á dvalarkostnaði skv. 21. gr., sbr. og 22. gr. laga um málefni aldraða. Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. másl. til helminga milli hjóna við útreikning dvalarkostnaðar. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.
- Tekjur heimilismanns af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð dvalarkostnaði skv. 21. gr., sbr. 22. gr., laga um málefni aldraða. Heimilismaður skal hafa 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning dvalarkostnaðar.
- Við útreikning á fjárhæð dvalarkostnaðar skv. 21. gr., sbr. og 22. gr., laga um málefni aldraða, skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna greiðslur frá lífeyristryggingum almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, bætur samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, viðbótarlífeyrissparnaður skv. lögum um almannatryggingar og sambærilegar greiðslur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 59. gr. laga um almannatryggingar.

Tryggingastofnun er heimilt, að ósk heimilismanns, að dreifa eigin tekjum heimilismannsins sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftari en einu sinni á hverju tímabili.

4. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til heimilismanna sem eru á dvalarheimilum aldraða sem ekki eru á föstum fjárlögum fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Tryggingastofnun er heimilt að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 1250/2016, um heimild til að framlengja bætur þrátt fyrir dvöl á hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða eða á sjúkrahúsi, um heimild þessa.

Tryggingastofnun annast framkvæmd ákvörðunar um hvað telst til tekna við útreikning á dvalarkostnaði samkvæmt þessari grein og 3. og 5. gr. Um framkvæmd Tryggingastofnunar gildir reglugerð nr. 598/2009, um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og dvalarkostnaðar.

5. gr.

Nú hefur heimilismaður á dvalarheimili fyrir aldraða tekjur, sbr. 3. gr., sem að frádregnum staðgreiðsluskatti (miðað við hámarksútsvar) eru hærri en 133.122 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á dvalarheimili fyrir aldraða frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun falla niður, sbr. 4. gr. Þó skal greiðsluþátttaka hans í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur að hámarki 582.654 kr.

Tekjumörk skv. 1. mgr. breytast í samræmi við breytingar á tekjumörkum ellilífeyris skv. viðeigandi ákvæðum laga um almannatryggingar.

6. gr.

Tryggingastofnun er heimilt að greiða heimilismanni á dvalarheimili fyrir aldraða ráðstöfunarfé skv. 3. mgr. 38. gr. laga um almannatryggingar þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

7. gr.

Dvalarheimili fyrir aldraða skal innheimta hjá heimilismanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 5. gr. Þess skal ætíð gætt að heimilismaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 5. gr., sbr. frítekjumark við útreikning dvalarkostnaðar.

III. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar á hjúkrunarheimilum.

8. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til heimilismanns sem er á hjúkrunarheimili sem ekki er á föstum fjárlögum fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Tryggingastofnun er heimilt að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 1250/2016, um heimild til að framlengja bætur þrátt fyrir dvöl á hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða eða sjúkrahúsi, um heimild þessa.

9. gr.

Heimilismaður á hjúkrunarheimili fyrir aldraða, sbr. 8. gr., skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á hjúkrunarheimilinu. Um þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 5. gr., sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Hafi heimilismaður engar tekjur skulu daggjöld skv. 2. gr. standa straum af dvalarkostnaði hans.

10. gr.

Tryggingastofnun er heimilt að greiða heimilismanni á hjúkrunarheimili ráðstöfunarfé skv. 3. mgr. 38. gr. laga um almannatryggingar þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

11. gr.

Hjúkrunarheimili, sbr. 8. gr., skal innheimta hjá heimilismanni í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 9. gr. Þess skal ætíð gætt að heimilismaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 5. gr., sbr. frítekjumark við útreikning dvalarkostnaðar.

IV. KAFLI

Greiðsla dvalarkostnaðar í hjúkrunarrými á stofnunum sem reknar eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

12. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til heimilismanns sem er á hjúkrunarrými á stofnun sem rekin er með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Tryggingastofnun er heimilt að víkja frá tímamörkum þessum ef sérstaklega stendur á og gildir reglugerð nr. 1250/2016, um heimild til að framlengja bætur þrátt fyrir dvöl á hjúkrunar- eða dvalarheimili fyrir aldraða eða sjúkrahúsi, um heimild þessa.

13. gr.

Heimilismaður sem dvelur í hjúkrunarrými á stofnun, sbr. 12. gr., skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnuninni. Um þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 5. gr., sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Hafi heimilismaður engar tekjur skulu daggjöld skv. 2. gr. standa straum af dvalarkostnaði hans.

14. gr.

Tryggingastofnun er heimilt að greiða heimilismanni sem dvelur í hjúkrunarrými á stofnun sem rekin er með beinu fjárframlagi úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni ráðstöfunarfé skv. 3. mgr. 38. gr. laga um almannatryggingar þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður.

15. gr.

Stofnun, sbr. 12. gr., skal innheimta hjá heimilismanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 13. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr., sbr. 24. og 26. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraða, öðlast gildi 1. janúar 2025. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1112/2006, um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

Heilbrigðisráðuneytinu, 18. desember 2024.

Willum Þór Þórsson.

Sigurður Kári Arnason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.